

**15.12.2011**

Tilvísun: **20111090014**

## **Inngangur**

Með setningu raforkulaga nr. 65/2003 var Orkustofnun falið eftirlit með sérleyfisfyrirtækjunum, þ.e. flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum. Orkustofnun er m.a. ætlað að tryggja, svo sem kostur er, hagkvæmni í rekstri fyrirtækjanna, með eftirliti með rekstri og fjárhag þeirra, en jafnframt að tryggja þeim viðunandi arðsemi.

Með tilliti til ofangreindra ákvæða er það álit Orkustofnunar að sérleyfisfyrirtækjum beri skylda til að takmarka útgjöld við verkefni sem nauðsynleg eru og beint tengd rekstri og/eða uppbyggingu veitukerfanna.

## **Styrkir**

Útgjöld sérleyfisfyrirtækis til styrkja skulu bundin skylduverkefnum viðkomandi sérleyfisstarfsemi og að styrkverkefni muni skila fyrirtækinu ávinningi. Undir slíkt fellur m.a. þróun á aðferðarfræði eða ný og/eða endurbætt tækni er lýtur að rekstri eða nýframkvæmdum og líkleg er að nýtist fyrirtækinu. Styrki sem falla undir ofangreint skal gjaldfæra beint á sérleyfisstarfseminna.

Styrkir sem eru fjármagnaðir af eigin fé fyrirtækisins skulu vera utan tekjumarka fyrirtækisins.

## **Auglýsingar<sup>1</sup>**

Útgjöld sérleyfisfyrirtækis til auglýsinga skulu bundin við auglýsingar sem beint eru tengdar skylduverkefnum fyrirtækisins. Undir slíkt falla m.a. auglýsingar sem fyrirtækjum ber að birta skv. lögum, auglýsingar sem kveða á um sparnað notenda á raforku og ráðleggingar til að lækka afltoppa, auglýsingar um skerðingu raforku, öryggismál eða neyðarráðstafanir, breytingar á gjaldskrá, auglýsingar um störf hjá fyrirtæki og hvatningu til notkunar á orkusparandi raftækjum..

Aðrar auglýsingar sem fjármagnaðar eru af eigin fé fyrirtækisins skulu vera utan tekjumarka fyrirtækisins.

---

<sup>1</sup> Með orðinu "auglýsingar" er hér átt við efni, auglýsingar eða kynningar, sem birt er í hvers konar fjölmiðlum, dagblöðum, tímaritum, dreifiritum, útvarpi eða sjónvarpi í þeim tilgangi að ná augum og eyrum almennings eða notenda.